

Ljósleiðarinn er á leið til þín

Ljósleiðarinn heldur áfram því metnaðarfulla verkefni sínu að koma sem flestum landsmönnum í samband og nú er komið að Suðurlandi. Í sumar ætla Ljósleiðarinn að leggja ljósleiðara til allra heimila og fyrirtækja á Stokkseyri og Eyrarbakka og þannig efla fjarskipti á svæðinu enn frekar. Stefnt er að því að búið verði að tengja á svæðinu fyrir árslok.

Þetta snýst allt um hraðann og þá þurfum við að vera vel tengd. Með þéttni neti ljósleiðaraþráða tryggir Ljósleiðarinn íbúum á Stokkseyri og Eyrarbakka hraðan, öruggan og hnökralausan aðgang að tækifærum framtíðarinnar.

Ísland er leiðandi í nýtingu ljósleiðara í Evrópu en yfir 100.000 íslensk heimili geta nú nýtt sér þjónustuna.

Af hverju Ljósleiðarinn?

Í lok árs þegar búið verður að tengja Stokkseyri og Eyrarbakka geta öll heimili og fyrirtæki á svæðinu aukið hraðann

hjá sér þegar efni er streymt með því að gera það með hinu öftuga þúsund þráða ljósleiðaraneti Ljósleiðarans. Þannig verður auðveldara að streyma hágæðaeefni í mikinn fjölda tækja á sama tíma. Við notum ljósleiðaratenginguna í svo marga hluti. Á heimilum okkar eru allskyns tæki sem tengjast á sama tíma.

Aukin gæði

Fyrir utan aukinn hraða á hinu hefðbundna netvafi þá eykur ljósleiðarinn gæði fjarfunda og myndsímtala umtalsvert. Hraði og snerpa í netleikjum verður enn betri en í fjölspilunarleikjum getur hraðinn oft og tíðum skipt sköpum.

Ljósleiðarinn telur mikilvægt að iðkendur rafíþróttar sitji við sama borð þegar kemur að hraða og hefur á undanförunum árum stutt dyggilega við rafíþróttahreyfinguna sem fer sífellt stækkandi.



Að horfa á sjónvarp sem tengt er við ljósleiðara eykur myndgæðin til muna og þá er möguleiki á að hafa fleiri en einn myndlykil á heimilinu. Ljósleiðarinn tengir jafnframt heimasímann og öryggiskerfi heimilisins.

Spennandi verkefni

„Eyrarbakki og Stokkseyri eru ótrúlega spennandi verkefni

og löngu kominn tími á að íbúar og fyrirtæki á svæðinu geti kynnst háhraða þegar kemur að



nettengingum,“ segir Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri Ljósleiðarans.

Hann hvetur fólk til þess að fylgja Ljósleiðaranum á samfélagsmiðlum þar sem hægt verður að fylgjast með lagningu Ljósleiðarans á þúsundþráða ljósleiðaranetinu á Stokkseyri og Eyrarbakka.

„Og svo er bara að setja sig í samband við okkur þegar verkinu er lokið og panta hágæðanettengingu.“



LJÓSLEIÐARINN

GERIR ALLT
MÖGULEGT
MÖGULEGT

LJÓSLEIÐARINN

